

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

Ársskýrsla 2010

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Félagsmenn eru 46 talsins. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn eru:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Forsætisráðuneyti/Þjóðskrá Íslands)
- Bragi L. Hauksson, meðstjórnandi (Tryggingastofnun)
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

Í fyrirtækjaráði eru:

- Eiríkur Sæmundsson, Skýrr
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, Skýrr (fyrrum Eskill)
- Stefán Þór Stefánsson, TM Software

Á Facebook-síðu faghópsins eru 56 meðlimir.

Störf faghópsins á árinu

Fundir

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu 2010. Í upphafi árs var tekin sú ákvörðun að leggja megináherslu á könnun forsætisráðuneytisins á opinberum vefjum. Könnunin ber yfirskriftina „Hvað er spunníð í opinbera vefi og hefur verið haldin annað hvert ár frá árinu 2005. Opinberir vefir hafa komið fremur illa út og lítið virðist vera um framfarir milli ára. Ákveðið var að fjalla bæði um mælikvarðana sjálfa en einnig leiðir til úrbóta.

1. Undirbúningur og skipulagning morgunverðarfundar 25. mars; „Mælikvarðar fyrir opinbera vefi, hvað vantar, hverju er ofaukið?“. Þar var fjallað um mælikvarðana sem notaðir hafa verið í könnuninni og hvað mætti betur fara. Fundurinn var vel sóttur og tími gafst til umræðna á hverju borði. Niðurstöðunum var svo skilað til stjórnar faghópsins og þær birtar á UT-vefnum þar sem fjallað er um könnunina.
2. Undirbúningur og skipulagning morgunverðarfundar 13. apríl; „Brettum upp ermar – bætum opinbera vefi“. Þar var fjallað um niðurstöður könnunarinnar og leiðir til úrbóta. Fundurinn

var vel sóttur og tími gafst til umræðna á hverju borði. Niðurstöðunum var svo skilað til stjórnar faghópsins og þær birtar á UT-vefnum þar sem fjallað er um könnunina.

3. Yfirferð yfir mælikvarða í könnuninni um opinbera vefi. Hópurinn nýtti haustið til að fara yfir könnunina á fjórum vinnufundum. Farið var yfir spurningarnar, svörin og vægi spurninganna og byggt á niðurstöðum morgunverðarfundanna ásamt sérþekkingu stjórnarmeðlima og fyrirtækjaráðs. Niðurstöðum hefur verið skilað til forsætisráðuneytisins í þeirri von að þær nýtist til endurbóta á næstu könnun.
4. Reynt var að efna til umræðu um rafræna stjórnsýslu á Facebook með innleggi 5. febrúar 2010. Spurt var: „Hver eru þín markmið varðandi rafræna stjórnsýslu á árinu 2010?“. Engin umræða fór af stað þar sem enginn hinna 56 meðlima sá ástæðu til að taka þátt.

Lokaorð

Tekin var sú ákvörðun í upphafi árs að faghópurinn myndi leggja áherslu á að könnun forsætisráðuneytisins og er það mat stjórnar að ýmislegt hafi áunnist. Fengin voru sjónarmið ráðstefnugesta og unnið vandlega úr þeim. Stjórn og fyrirtækjaráð lögðu enn fremur fram ómetanlega vinnu við yfirferð mælikvarðanna í könnuninni. Formaður vill sérstaklega þakka þeim öllum frábært vinnuframlag.

Reynt var að skapa umræðu um rafræna opinbera þjónustu á Facebook, en það gekk ekki eftir. Það er umhugsunarefni þegar sérstaklega er óskað eftir umræðu og reynt er að bregðast við þeirri ósk.

Stjórn faghópsins þakkar að SKÝ fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Reykjavík 10. febrúar 2011

Halla Björg Baldursdóttir